

# STRÖNDUNGUR

16. desember 2020 ★ 12. tbl. 8. árg.



## HÓ HÓ HÓ!

Kæru sveitungar, að venju munu jólasveinarnir fara um sveitina og safna og bera út innansveitar jólapóst fyrir jólin. Sveinarnir hafa nokkrar áhyggjur af jólakortahefðinni sem hefur verið á undanhaldi síðustu ár. Þeir hafa þó trú á ströndungum eftir þetta sérstaka ár þar sem fólk hefur lítið mátt hittast, að þeir verði sérdeilis duglegir að taka upp pennann og senda kærar jólakveðjur sín á milli í fallegu korti. Sveinarnir ætla að vera hressir og skemmtilegir með von um að fá einhvern smá styrk í sjóðinn sinn því ekki geta gamlir jólasveinar hugsað sér að hætta þessum gamalgróna jólasið að líta á ykkur fyrir jólin. Farið verður **laugardaginn 19. desember eftir kl. 17**, sendingarkostnaður er 150 fyrir kortið og 300 fyrir pakkann.



Þeir sem ekki verða heima þegar þeir félagar verða á ferðinni en vilja nýta sér þjónustuna geta haft samband við umboðsmann jólasveinanna, Betu í Heiðarbóli með skilaboðum á facebook eða í síma 863-1279.



## FRÁ VALSÁRSKÓLA

Við í 3.-4. bekk í Valsárskóla erum í gula hólfinu með 1. og 2. bekk. Hér höfum við það bara nokkuð gott, erum dugleg í útiveru og að læra. Það skrítna við að vera í gula hólfinu er að við borðum ekki í matsalnum heldur upp í verkmenntastofunni. Við erum svo heppin að salurinn fylgir gula hólfinu og þess vegna getum við leikið okkur þar í leiðinlegu veðri.

Við erum að undirbúa jólin og gerðum eftirfarandi sögu í sameiningu fyrir ykkur. Hver og einn nemandi kom með eina setningu og þannig þróaðist sagan.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

## VANDRÆÐI JÓLASVEINSINS

Klukkan var 1 að nóttu og jólasveinninn ætlaði að koma og gefa börnunum í skóinn. Jólasveinninn þurfti að fara langar leiðir og var mjög þreyttur. Hann settist niður og sofnaði. Loks vaknaði hann og þá kom mikil rigning. Þá skall á stormur og jólasveinninn villtist. Hann fann leiðina að fyrsta húsinu en þegar hann ætlaði að fara að gefa í skóinn vaknaði stelpan sem átti heima þar. Hún sagði: ert þú jólasveinninn? Þá sagði hann: nei ég er ekki jólasveinninn. Það kom í ljós að poki jólasveinsins var týndur og hann sagði stelpunni að hann væri jólasveinn og þyrfti hjálp. Þau fóru upp í sleðann og flugu í jólahúsið á Hrafnagili. Þegar þau voru hálfnuð þangað veiktist jólasveinninn og stelpan þurfti að fljúga sleðanum aftur heim til sín. Stelpan gaf jólasveininum meðal til að lækna hann og svo flugu þau aftur í jólahúsið. Jólasveinninn spurði afgreiðslumanninn um annan dótapoka til að gefa hinum krökkunum í skóinn. Hann fékk stóran dótapoka, skutlaði stelpunni heim til sín og gaf hinum krökkunum í skóinn. Þegar stelpan kom heim sofnaði hún strax og mamma hennar ætlaði aldrei að geta vakið hana um morguninn. Stelpan hélt að þetta væri bara draumur. En ef hún bara vissi....



## FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ

Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp á tvær mismunandi gerðir af hágæða klósettpappír frá Marcal.

Mjúkur og þægilegur pappír sem er 100% umhverfisvænn og endurunninn. Marcal hefur hlotið gæðavottun frá Green Seal®

### **Pakki 1**

2ja laga pappír  
48 rúllur  
506 blöð á hverri rúllu

**6.900 kr.**

### **Pakki 2**

2ja laga pappír  
36 rúllur  
306 blöð á hverri rúllu

**4.900 kr.**



Alltaf til sölu-keyrt heim að dyrum.

Hafið samband við:

- Birgi Ingason s. 8641237,
- Lindu Stefánsdóttur s: 8681354 eða
- Kristján Árnason s: 8682376.

---

### **TILKYNNING FRÁ ÞORRABLÓTSNEFND:**

Við höfum tekið þá ákvörðun að aflýsa þorrablotinu, sem vera átti í febrúar 2021, vegna covid-19. Stefnum á 5. febrúar 2022.

Nefndin

## NÆSTU RUSLADAGAR

26. desember - Endurvinnsla og almennt/lifrænt sorp

7. janúar - Almenn/lifrænt sorp

---

Ströndungur kemur næst út föstudaginn 15. janúar.

Skilafrestur er til kl. 15:00 miðvikudaginn 13. janúar.

Efni sendist á [sandra.einars@gmail.com](mailto:sandra.einars@gmail.com).

---



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*